

## SKIMUNARLISTI

# Pípulagnir

Markmiðið með skimunarlistanum er að leggja fyrsta mat á hvort þú átt erindi í raunfærnimat. Niðurstaðan er aðeins vísbending um hvort ástæða sé til að skoða næstu skref með ráðgjafa.

Píparar þurfa að geta unnið sjálfstætt og skipulega. Forsendur fyrir raunfærnimati er að þú hafir öðlast talsverða færni og eru því sett lágmark um 23 ára lífaldur og 3 ára starfsreynslu í faginu.

Ekki þarf að hafa þekkingu á öllum þáttum til að eiga erindi í raunfærnimat.

Færni viðmiðum er skipt í flokka og skalinn hér til hliðar notaður. Þú hakar við þá hæfni sem þér finnst eiga við þig. Neðst er textabox þar sem þú getur bætt við atriðum eða skýrt frekar út hæfni þína.

1	Lítill þekking/færni
2	Nokkur þekking/færni
3	Góð þekking/færni
4	Mikil þekking/færni

Nafn			
Lífaldur		Starfsaldur í grein / ár	

Endurlagnir og viðgerðir	1	2	3	4
Ég þekki eldri lagnaefni, get metið eldri lagnakerfi og gert tillögur til úrbóta				
- get annast viðhald og viðgerðir á eldri lagnakerfum og tækjum				
- get valið lagnaefni og lagnaleiðir við endurlagnir í eldri hús				

Frárennsliskerfi og hreinlætistæki	1	2	3	4
Ég kann skil á lagnaefnum sem notuð eru í frárennslislagnir				
- þekki kröfur um brunavarnir við lagnir milli brunahólfa				
- get gengið frá lögnum í votrymum í samvinnu við aðra iðnaðarmenn				
- þekki helstu öryggiskröfur við lagnavinnu í djúpum skurðum				
- þekki áhöld og tæki sem notuð eru við lagningu frárennslislagna				
- get spegil- og múffusoðið og límt plaströr				
- þekki nauðsyn sérstakra aðgerða í votrymum gegn skaða af vatni				
- get tengt mismunandi gerðir af salernum, handlaugum og vöskum				
- get tengt mismunandi gerðir af blöndunartækjum				
Hita- og neysluvatnskerfi	1	2	3	4
Ég kann skil á lagnaefnum og búnaði sem notaður er í hitalagnir innanhúss				

- þekki stýringar fyrir hita og þrýsting á hitakerfum í byggingum				
- get þrýstiprófað hitakerfi á mismunandi hátt eftir lagnakerfum				
- get þrýstiprófað neysluvatnskerfi á mismunandi hátt eftir lagnaefnum				
- get valið heppilegt lagnaefni með hliðsjón af aðstæðum				
- þekki áhöld og tæki sem notuð eru við lagningu neysluvatnslagna; snittvélar, þrýstitangir, suðutæki, lóðtæki og suðuvélar				

Málmsuða	1	2	3	4
Ég þekki samsetningu á eirrörum				
- þekki grundvallarreglur fyrir lóðningu með silfri og tini				
- þekki sprengihættu sem stafar af gasi og súrefni við ranga meðferð				
- þekki nauðsyn á sérstakri þörf á brunavörnum við suðuvinnu				

Stýringar, tæknibúnaður og sérhæfð lagnakerfi	1	2	3	4
Ég get framkvæmt einfaldar tengingar á rafmagnsknúnum lagnabúnaði				
- veit deili á öryggisbúnaði vegna yfirþrýstings og ofhitnunar og þekki nauðsynlegan búnað til að stýra þrýstingi á kerfi				
- get valið heppilegt lagnaefni og búnað fyrir snjóbræðslukerfi				
- get lagt mat á undirlag og efni fyrir snjóbræðslulagnir og kannað hæðarlegu				
- kann skil á efnum og búnaði sem notaður er í gas-, þrýstilofts- og súrefniskerfi				
- get lagt frárennsliskerfi úr steinrörum				
- þekki lagningu vatnsúðakerfa				
Annað sem þú vilt taka fram:				

Ráðgjafi hjá fræðslu- eða símenntunarmiðstöð getur leiðbeint þér um framhaldið, meðal annars fundið út hvort og hvenær raunfærnimat er að hefjast í greininni.

Nánari upplýsingar um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar má finna [hér](#).

Gangi þér vel.